

## FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

**254. fundur** Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 06. ágúst 2015, kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Guðjón Þórarinn Loftsson, Unnsteinn Óskar Andrésson, Ragnar Smári Helgason og Árborg Ragnarsdóttir

Byggingafulltrúi: Ólafur Jakobsson og Eyjólfur Þórarinsson

Fundarritari: Guðjón Þórarinn Loftsson

### Dagskrá:

1. **Erindi nr. 1506099.** Áður á 253. fundi. N1 kt. 540206-2010 sækir um leyfi fyrir því að setja upp eldsneytisafgreiðslu að Strandgötu 1, Hvammstanga.
2. **Erindi nr. 1507034.** Skúli Þ Sigurbjartsson kt. 160763-4189 og Sigríður Hjaltadóttir kt. 110660-3249, sækja um leyfi til að stofna byggingarreit undir fjósbyggingu í landi Sólbakka í Víðidal.
3. **Erindi nr. 1507015.** Skúli Þ Sigurbjartsson kt. 160763-4189 og Sigríður Hjaltadóttir kt. 110660-3249, sækja um byggingarleyfi fyrir fjósbyggingu í landi Sólbakka í Víðidal.
4. **Erindi nr. 1507033.** Skúli Þ Sigurbjartsson kt. 160763-4189 og Sigríður Hjaltadóttir kt. 110660-3249, sækja um leyfi til að stofna lóð um íbúðarhúsið í landi Sólbakka í Víðidal.
5. **Erindi nr. 1507032.** Dagbjört Jónsdóttir kt. 271082-4019 fyrir hönd Vegagerðarinnar kt. 680269-2899; og Magnúsar Magnússonar kt. 091272-4669 í umboði landeiganda Magnúsar Guðmundssonar kt. 190528-3759, sækja um leyfi til að stofna landsspildu úr Staðarbakka 2, lnr. 144156, í Miðfirði vegna lagningu Miðfjarðarvegur og tengingar hans við Hálsabæjarveg.
6. **Erindi nr. 1507036.** Björn Víglundur Gunnþórsson kt. 170157-5599, sækir um færslu á ferðabjónustuhúsi milli reita samkvæmt deiliskipulagi að Dæli í Víðidal.
7. **Önnur mál.**

Tekið á dagskrá:

8. **Erindi nr. 1508002.** Magnús Björnsson fh. Vegagerðarinnar sækir um framkvæmdaleyfi vegna nýrrar heimreiðar að Lækjarbakka og Staðarbakka.

### Afgreiðslur:

1. **Erindi nr. 1506099.** Áður á 253. fundi. N1 kt. 540206-2010 sækir um leyfi fyrir því að setja upp eldsneytisafgreiðslu að Strandgötu 1, Hvammstanga.

Þar sem ekki er til deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið getur ráðið ekki tekið afstöðu til erindisins. Vinna er hafin við deiliskipulag hafnarsvæðisins og mun verða tekið tillit til erindisins í þeirri vinnu.

- 2. Erindi nr. 1507034.** Skúli Þ Sigurbjartsson kt. 160763-4189 og Sigríður Hjaltadóttir kt. 110660-3249, sækja með erindi dags. 30.07.2015 um leyfi til að stofna byggingarreit undir fjósbyggingu í landi Sólbakka í Víðidal. Meðfylgjandi eru teikning nr. S-02 frá Braga Þór Haraldssyni hjá Stoð ehf. verkfræðistofu.

Ráðið samþykkir erindið.

- 3. Erindi nr. 1507015.** Skúli Þ Sigurbjartsson kt. 160763-4189 og Sigríður Hjaltadóttir kt. 110660-3249, sækja með erindi dags. 07.07.2015 um byggingarleyfi fyrir fjósbyggingu í landi Sólbakka í Víðidal. Meðfylgjandi eru teikningar nr. 001,002 og 003 frá Vigfúsi Halldórssyni hjá Balsa ehf.

Ráðið frestar erindinu, þar sem athugasemdum byggingafulltrúa hefur ekki verið svarað og fullnægjandi teikningar hafa ekki borist.

- 4. Erindi nr. 1507033.** Skúli Þ Sigurbjartsson kt. 160763-4189 og Sigríður Hjaltadóttir kt. 110660-3249, sækja með erindi dags. 30.07.2015 um leyfi til að stofna lóð um íbúðarhúsið í landi Sólbakka í Víðidal. Meðfylgjandi eru teikning nr. S-01 frá Braga Þór Haraldssyni hjá Stoð ehf. verkfræðistofu.

Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn og samþykki Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

- 5. Erindi nr. 1507032.** Dagbjört Jónsdóttir kt. 271082-4019 fyrir hönd Vegagerðarinnar kt. 680269-2899; og Magnúsar Magnússonar kt. 091272-4669 í umboði landeiganda Magnúsar Guðmundssonar kt. 190528-3759, sækja með erindi dags. 22.07.2015 um leyfi til að stofna landsspildu úr Staðarbakka 2, lnr. 144156, í Miðfirði vegna lagningu Miðfjarðarvegar og tengingar hans við Hálsabæjarveg. Meðfylgjandi er samningur Vegagerðarinnar og landeiganda Staðarbakka 2 vegna lagningar Miðfjarðarvegar, Húnaþingi vestra ásamt uppdráttum frá Vegagerðinni og beiðni þinglýsts eiganda Staðarbakka 2 um staðfestingu landskipta jarðarinnar.

Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

- 6. Erindi nr. 1507036.** Björn Víglundur Gunnþórsson kt. 170157-5599, sækir með erindi dags. 30.07.2015 um færslu á ferðapjónustuhúsi milli reita samkvæmt samþykktu deiliskipulagi að Dæli í Víðidal.

Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um að uppfærð afstöðumynd berist.

- 7. Önnur mál. a)** Skipulags- og umhverfisráð vill bjóða Ólaf Jakobsson velkominn til starfa og þakkar Eyjólfu Þórarinssyni fyrir vel unnin störf og ánægjuleg samskipti.  
**b)** Skipulags- og umhverfisráð vill vekja athygli á því að framvegis verða ekki tekin fyrir erindi sem berast síðar en á hádegi seinasta föstudag fyrir fundi ráðsins.

Tekið á dagskrá:

8. **Erindi nr. 1508002.** Magnús Björnsson fh. Vegagerðarinnar sækir um framkvæmdaleyfi vegna nýrrar heimreiðar að Lækjarbakka og Staðarbakka. Meðfylgjandi er afstöðumynd frá Vegagerðinni.

Ráðið samþykkir erindið.

**Skipulags- og umhverfiráð bendir á að afgreiðslur ráðsins jafngilda EKKI byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur leyfið út þegar öll tilheyrandi gögn hafa borist og sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðfest fundargerðina.**

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:20.

---

Guðjón Þórarinn Loftsson

---

Ragnar Smári Helgason

---

Unnsteinn Óskar Andrésson

---

Árborg Ragnarsdóttir

---

Ólafur Jakobsson

---

Eyjólfur Þórarinsson